

Nr. 405

3. maí 2017

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Kvistavalla 63 og 65.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti þann 31. mars 2017, breytingu á deiliskipulagi fyrir Kvistavelli 63 og 65. Í breytingunni felst að lóðinar við Kvistavelli 63 og 65 eru sameinaðar í eina lóð. Heimilað verði að byggja 3 íbúða raðhús í stað parhúss. Lögun byggingarreits er breytt en stærð hans helst nær óbreytt. Bílastæðum fjölgar um 2. Skilgreind er ný gerð raðhúsa, R7. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 3. maí 2017.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 18. maí 2017